



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

116. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í bæjarstjórnarsal Kópavogs, Hábraut 2, Kópavogi, föstudaginn
28. apríl 2023
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Pálmar Halldórsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek, formaður, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur - vinnslutillaga - 2005005

SSH og Skipulagsstofnun hafa frá lokum árs 2020 unnið að þróun leiðbeininga um ofangreint efni í samstarfi við Teiknistofuna STIKU, en að verkefninu komu einnig EFLA og Landmótun landslagsarkitektar. Leiðbeiningar eru hluti af framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og tilgreindar sem sérstök aðgerð sem skuli koma til framkvæmda.

Drög að leiðbeiningum voru kynntar á 111. fundi nefndarinnar dags. 11. nóvember 2022 en áður, 4. október 2022, hafði SSH og Skipulagsstofnun kynnt verkefnið fyrir hagaðilum og óskað eftir ábendingum. Yfir 20 aðilar sendu ábendingar.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagstjóra dags. 24. apríl 2023 ásamt fylgigögnum. Lagt er til að framlögð útgáfa leiðbeininga verði samþykkt sem vinnslutillaga og svæðisskipulagsstjóra veitt heimild til birtingar á heimasíðu Skipulagsstofnunar til loka október 2023 þar sem hagaðilum, atvinnulífi og almenning verður gefið tækifæri að kynna sér efni leiðbeininga og gefa athugasemdir. Að þeim tíma loknum verði athugasemdir rýndar og endanleg tillaga tekin til meðferðar hjá svæðisskipulagsnefnd og birt á heimasíðu Skipulagsstofnunar.

Gestir

Ólafur Arnarsson, Skipulagsstofnun og Magnea Guðmundsdóttir, Stika. - 13:30

Umræður.

Samþykkt

Helga Jónsdóttir vék af fundi undir lið nr. 2



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2. KÓP Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79. Breytt deiliskipulag - 2303013

Fyrirliggjandi er bréf skipulagsfulltrúa Kópavogs dags. 15. mars 2023 vegna ofangreinds þar sem óskað er umsagnar svæðisskipulagsnefndar. Einnig lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 24. apríl 2023.

Umræður.

Samþykkt

Helga Jónsdóttir tók aftur sæti á fundi.

Kjartan Magnússon tók sæti á fundi undir lið nr. 3.

3. Heimsókn svæðisskipulagsnefndar til Suðurnesja 12. maí 2023 - 2003003

Í samræmi við áherslur nefndarinnar sem voru samþykktar á 110. fundi er fyrirhugað að nefndin heimsæki svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja 12. maí nk. Drög að dagskrá eru lögð fram til kynningar ásamt tillögu að ályktun nefndanna.

Umræður.

Lagt fram til kynningar

4. Uppland Garðabæjar, Urriðavatnsdalir, Urriðakotshraun, Heiðmörk og Vífilstaðahraun - 2204001

Fyrirliggjandi er tölvupóstur skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 14. mars 2023 þar sem óskað er umsagna vegna skipulagstillagna sem eru í kynningu:

- Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar og vegna Flóttamannavegar.
- Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum (Golfvöllur og fólkvangur).
- Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilstaðahrauni.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar kynnir framlagðar tillögur fyrir nefndinni.

Gestir

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar - 14:15

Umræður.

Frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu